

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum.

1. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 265,00 kr. á hemil á mánuði.
Vatnsgjald er kr. 477,00 fyrir hvern lítra á mínútu á mánuði.

5. grein orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkv. 4. grein verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast á skrifstofu hreppsins eða á annan þann stað, er síðar kann að vera ákveðinn. Gjaldldagi er 15. dag mánaðarins. Það eru vanskil er gjöldin eru ekki greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

5. grein svo breytt öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

5. september 1983

Nr. 669

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A) Samkvæmt magnhemli kr. 1 000,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B) Samkvæmt vatnsmæli kr. 50,10 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatns-nota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Jöfnur í 7. gr. gjaldskrárinnar, sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi verði þannig:

A-liður: $H = 30\,700,00 + 33,30 \times V$

B-liður: $H = 46\,000,00 + 50,10 \times V$

C-liður: $H = \frac{H_n}{30\,700,00 \times n + 33,30 \times V_n} \times (30\,700,00 + 33,30 \times V)$

11. gr. gjaldskrárinnar, fyrsta málsgrein, orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1983, 2076 stig.